

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 381 5. september 1975 um breyting á reglugerð nr. 223 19. ágúst 1974, um bann við veiði smásíldar.

1. gr.

Í stað orðanna „7 500 lestum“ í 2. mgr. 3. gr. komi orðin: 9 675 lestum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. nóvember 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 482.

14. nóvember 1975.

**AUGLÝSING**

um álag á fasteignamat.

Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í b. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., sbr. lög nr. 8/1972, að álag á aðalmat fasteigna, sem tók gildi 31. desember 1971, skuli vera 173%, að því er tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1976, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati. Hér er því um að ræða 36.5% hækkun frá fyrra ári.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*

Nr. 483.

30. október 1975.

**AUGLÝSING**

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Selfoss, sem gildir fyrir Selfosshrepp.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps 10. september 1975 og af skipulagsstjórn ríkisins 13. október 1975.